

LISTIR

Ástand og horfur

ALLNOKKUR orðræða er skarar myndlistarvettvangur hefur verið í gangi undanfarið misseri sem er mikil framför hér á útskerinu. Nú síðast eðlilega helst beinst að ævintýralegu frama Ólafs Eliassonar og innsetningu hans í túrbínugímald Tate Modern í London.

Upphefð listamannsins má líkja við þráðbeina leið snjóbolta niður bratta brekku í góðum hnoðsnjó, þ.e. við bestu hugsanleg skilyrði. Það getur líka heitið að hér hafi réttur maður verið á réttum stað á réttum tíma sem er algengt orðtak þegar vísað skal til hámarks velgengni á listabrautinni. Ólafur valdi að gera innsetningar í rými að aðalvettvangi sínum og sá geiri hefur verið á oddinum undanfarið ár, er þannig „mainstream“-listamaður eins og hann orðaði það sjálfur í viðtali.

Það mun næsta auðvelt að rekja orsakasambengi ferlisins lið fyrir lið, velgengni sem eins og hefur staðið beint í fangið á Ólafi, og er það ekki alltaf þannig í slíkum tilvikum? Hins vegar ráðast hlutirnir traúðla á þann farsæla hátt ef ytri skilyrði eru viðkomandi óhagstæð, þeir ekki í jarðsambandi né kunna að nýta sér

SJÓNSPEGILL


Bragi Ásgeirsson

bragi@internet.is

tækifærin sem er vitaskuld mikil list út af fyrir sig. Og ytri aðstæður skipta sköpum sem aldrei fyrr nú á tímum jafnvel þróun heimsmála, þannig má slá föstu að fall Berlínarmúrsins 1989, hafi hér stóru hlutverki að gegna, ekki aðeins um frama Ólafs heldur þó nokkurra annarra myndlistarmanna vettursins, samtímis var það öðrum glataður uppsláttur að hafa flúið ófrelsið austan tjalds.

Ekki leið langur tími frá þessum sögulegu hvörfum áður en framsækni listamenn skynjuðu að miklar hræringar væru í aðsigi í þessari fornu menningarborg, að Berlín yrði er fram liðu stundir líkast til einn af suðupunktum heimslistarinnar. Þessi mikla borg sem hefur verið rústað oftar en nokkur önnur höfuðborg Evrópu myndi sameinuð rísa enn einu sinni upp úr öskustöð, líkast til sterkari en nokkru sinni fyrr. Berlín býr yfir einhverjum yfirsíðvitlegum dularöflum sem enginn hefur getað skilgreint til fulls, til að mynda áttu fæstir von á að á þessari miklu og sendu votlendisaúðn risi höfuðborg Pýskalands og vaxa með þeim ógnarhraða sem raun varð á. Verða svo er fram liðu stundir einn af miðpunktum hámenningar og lista og ein mesta safnaborg heimsins.

Annað kom til sem jók á aðráttarafi borgarinnar eftir fall múrsins, sem var að heilu hverfin stöðu auð og yfirgefin í austurhlutanum, leiga lág og ódyrt að lifa jafnvel í gamla miðhlutanum, Berlín Mitte, eins og svæðið nefnist. Á því hafði hin illræmda leyniþjónusta Stasi fyrrum aðsetur og einmitt þar og í grendinni tóku hjólin að snúast með listhúsum er upp risu á víð og dreif. Hér var aftur komið draumaland framsækinnna listamanna sem skorti ölbogarými og nú stímuðu þeir að úr öllum áttum líkt og rússneskir listamenn fyrrum. Ótrúleg gerjun hefur síðan verið í gangi samfara sameiningu og uppbyggingu eldri safna, ný hafa risið og ómælt fjárestreymi runnið til lista frá ríki, bönkum og stórfyrirtækjum, allt lagst á eitt til að auka veg og ris borgarinnar. Ástandið rafmagnað, er frumskógur risavaxinna hegra áréttuðu sem teygðu



Ólafur Eliasson: Sól í stað regns, ljósainnsetning, München 2003.

finngur sína til himinsins víðs vegar um borgina og voru um árabil helstu einkenni hennar, nokkurs konar vegvísar og tákn uppbyggjarinnar.

– Ég hef lengi fylgst með Ólafi Eliassyni úr fjarlægð eða allt frá því dönsk vinkona mín með áhuga á öllu sem Íslandi viðkemur benti mér á sýningu hans í Gallerí Stalke á Vesturbrúgötu, sagði mikni látið af þessum unga manni, hún vissi hvar listhúsið var en ekki nákvæmlega húsnumerið. Gerði mér ferð þangað en fann það ekki í það skiptið, enda dálítið flókið mál og þar sem tími minn í borginni var á þrotum og fleira á dagskrá hélt ég ferð minni áfram. Skondið að nokkrum árum seinna er ég hugðist eiga viðtal við Ólaf í Berlín villtist ég óforvarendis illa og var að auk lengi að finna tröppganginn upp til hans í stórri húsasamtæðu í tvöföldum bakgarði. Kom heilum tveim tímum of seint og hafði ekki dvalið lengi í vinnustofunni er hinn kornungi listamaðurinn fékk heimsókn af fallegrri röðu frá París og dró ég mig þá í hlé, einnig heimikið fleira á dagskrá daginn þann, hann hafði þó náð að teikna fyrir mig uppdrátt af því helsta í Mitte. Vinnustofa Ólafs svo rúmgóð að íbúðin sem Guðmundur Erró þurfti í áratugi að láta sér duga á Rue de Buci í París, sem jafnframt var íverustaður hans, hefði komist fyrir í einu horninu að segja má. Þar fyrir utan þurfti hugmyndafræðingurinn ekki að hafa neinar áhyggjur af málverkastöflum eða tilheyrandi dóti. Sem sagt óskastaða.

Aðstaðan skiptir þó engan veginn höfuðmáli frekar en til að mynda gæði ljósmyndavélar, ef færni áhugi og listfengi mætir afgangi, en hún er vissulega ekki lakari kosturinn. Ýmsir hafa nefnilega steytt illa á því, að ef allur kraftur fer í að skapa sér aðstöðu vill iðulega minna en skyldi verða afgangur af andgífirni þá hafist skal handa. Öllu máli skiptir að hafa þá lágmarks aðstöðu að sköpunarþörfin fái eðlilega útrás, njóta um leið uppörvunar, og hér um ævagömul sannindi í listum að ræða.

Ólafur Eliasson er vissulega Íslendingur í

þráðbeinan ættlegg, en landar hans eiga hreint út sagt ekkert í honum um menntunargrunn og frama, hér er hann sinn eigin gæfu smiður og mesta lán hans að hafa verið rétt staðsettur og kunna öðrum fremur að nýta sér þau tækifæri sem buðust. Og eins og Erró hefur Ólafur fengið þá hæfileika í vöggugjöf að vera á einn veg óvenju atorkusamur og á annan félagslyndur, jafnframt eiga auðvelt með að blanda geði við fólk, vekja athygli þess og vinna á sitt mál. Hið síðara eiginleiki sem fáum listamönnum eru gefnir sem oftar en ekki eru ómannblendnir og þverlyndir sérvitringar, hræddir við að of náin kynni verði þeim hindrun á listabrautinni. Bád-ir afar gott dæmi um hæfileikamenn sem ná að vinna sér frama við hagstæð skilyrði, sem þeir hafa sjálfir leitað uppi og haft geð og atorku til að nýta sér til mikilla afreka. Um Erró má segja að hann tilheyrir Parísarskólanum, verk hans sýnd sem slík um allan heim, og um þessar mundir vinnur Ólafur Eliasson í Berlín og er á samningi við listhús í Pýskalandi en hefur mikni haldið fram af Dönum, sbr. þátttöku hans í Fenejvatváringnum. Ég hef aldrei orðið var við að verið sé að leyndu uppruna þeirra, ekki frekar en til að mynda að Picasso er og verður spánskur. Þjó þó og starfaði í Frakklandi, og Constantin Brancusi rúmensk-ur, báðum verið reist söfn í París.

Árið 1990 voru aðstæðurnar í Pýskalandi, samkvæmt grein tveggja blaðamanna í sunnudagsútgáfu *Svenska dagbladet* 11. nóvember sama ár; að fleiri notuðu frístundir sínar á vettvangi menningar en íþróttar. Þar byggðu menn söfn og menningarstofnanir frekar en dómkirkjur og borgirnar væru í mikilli innbyrðis samkeppni um bestu söfnin. Í samanburði við aðstæður í Svíþjóð væri þetta risavaxið átak til fremdar menningarlegri ásýnd Pýskalands, með áherslu á samskipt milli lista, arkitektúrs og náttúru. Nafnkenndir innlendir sem erlendir arkitektar hefðu fengið það hlutverk að hanna nýjar umgerðir utan um samtímalistir, þar sem

menn gætu nálgast alla helstu bóga framsækinnna myndlista frá stríðslokum. Hugtakið samtímalist náði þannig yfir allar tegundir núlista frá stríðslokum og gerir enn, þótt víða hafa menn hnikað því og einangrað.

Þannig var sviðið í vestrurhlutanum eftir fall múrsins, og með því að hópast til austurhluta Berlínar, staðsettu aðkomnir myndlistarmenn sig í hringið þessarar þróunar sem opnaði hugkvæmum og framagjörnum ótal dyr í Pýskalandi. Einn þeirra var Ólafur Eliasson og hámark framsýni hans og velgengi getur um þessar mundir að líta í túrbínusal Tate Modern.

Það setti svimi að blaðamönnum Svenska Dagbladet, að bera saman aðstæðurnar í Pýskalandi og Svíþjóð 1990, og satt að segja setur að mér enn meiri svima að bera saman aðstæðurnar í Svíþjóð og Íslandi í dag. Vísa til og minni á að margfalt meiri áhersla er lögð á íþróttaiðkanir hér á landi en listir sem að meginhluta til er framtak og ástríða stórhuga einstaklinga. Þá hefur engin listgrein verið jafnaðskipt og utangarðs og myndlistin líkt og sjónmenntir almennt fyrir þráláta og augljósa glöppu í menntakerfinu sem ég hef margoft vísað til og enn skal áréttuð. Vegna sérstöðu og einangrun má segja að íslensk myndlist sé í frysti og hendur listamanna bundnar, þá eru öll söfn rekin sem sýningarsalir enda flest þeirra ófær um að rækta hlutverk sitt um skilvirka miðlun íslenzkrar listar, bæði vegna aðstöðuleysis og nánasarsemi stjórnmála. Ofan á þetta bætest að menn steinleggja fyrir útlendri list og éta yfir sig af einstaka listamönnum fyrst Kjarval, sbr. auðan Austursal Kjarvalsstaða alla daga, síðan Erró og ef svo heldur fram fara aðvörunarbjöllurnar fyrr en varir að klingja varðandi Ólaf Eliasson. Oneitanlega kemur þetta niður á öðrum listamönnum og innlendir myndlist í það heila, hér um að ræða atriði sem menn reyna einmitt að forðast í útlöndinu en hendlendum gengur treglega að draga dóm af ...

(Framhald)

LEIKLIST

Stoppelikhópurinn

LANDNÁMA

Höfundur og leikstjóri: Valgeir Skagfjörð, brúdur: Katrín Þorvaldsdóttir, leikendur: Eggert Kaaber og Katrín Þorvaldsdóttir. Foldaskóla 4. nóvember 2003.

LANDNÁMABÓK virðist í fljótu bragði ekki vera sérlega bitastæður efniviður í leikrit, frekar en til dæmis símaskráin. Enda kom í ljós að það var sagan af þeim fóstbræðrum Ingólfi Arnarsyni og Hjörleifi Hróðmarssyni sem Stoppelikhópurinn ætlaði að segja grunnskólanemum að þessu sinni. Það er vitaskuld ágætis saga, viðburðarík og skemmtileg, og eitthvað sem allir þurfa að kunna einhver skil á. Flest fyrri verka hópsins hafa verið fræðslu- og kennsluverk af ýmsum toga, og hefur hann algera sérstöðu í íslensku leikhúsi hvað þetta varðar. Ég er heldur ekkert frá því að leiklist sé góð viðbót við þær leiðir sem skólakerfið hefur til að miðla og

glæða áhuga á menningararfinum. Það er allavega alveg ljóst að nemendur Foldaskóla fengu á frumsýningunni ágætis yfirlit yfir upphaf Reykjavíkur. Íslendingasögurnar, Tyrkjaránið, sjálfstæðisbaráttan, þorskastríðin, Þjóðskáldin. Efniviður fyrir Stoppelikhópinn er ótæmandi. Hópurinn hefur sérhæft sig í farandsýningum fyrir börn og unglinga, og það var greinilegt að þau Eggert Kaaber og Katrín Þorvaldsdóttir voru á heimavelli í Foldaskóla, héldu athygli krakkanna vel, flink að bregða sér í ólík hlutverk og ekkert feimin við að vera groddaleg þegar tækifæri gafst sem vitaskuld féll í frjóan jarðveg. Stíll sýningarinnar er teiknimyndalegur og einfaldur eins og gefur að skilja, en leikmynd og búningar sem hópurinn er skrifður fyrir sem heild var einfalt og snjallt, og fumleysi einkennið allar umbreytingar,



Morgunblaðið/Jim Smart

Landnáma stendur fyrir sínu sem endursögn frásagnarinnar um Ingólfr.

sem eðli málsins samkvæmt voru allnokkrar. Handrit Valgeirs Skagfjörð er skemmtilegt, fyrir utan þá ákvörðun hans að ramma frásögnina inn með því að sýningin gerist á æfingu leikhópsins. Leikararnir detta

því reglulega út úr sögunni og notar Valgeir þessi atriði til að koma upp lýsingum á framfæri, sem verður nokkuð klunnalegt, auk þess sem samtöl leikaranna eru stíðari en svo að það virki trúverðugt. Það vanda-

mál er ekki til staðar í samtöllum hins eiginlega leikverks, sem eru skemmtilega fyrnd, en þó (vonandi) skiljanleg markhópnum. Og gaman þótti mér að heyra Harald hárfagra tala norsku, held reyndar að mér hafi þótt það fyndnara en krökkunum.

Ónefndur er þáttur Katrínar Þorvaldsdóttur, en fálíðaður leikhópurinn var dyggilega studdur af þremur haganlega gerðum brúðum sem léku þá Atlasyni; Hólmstein, Hástein og Herstein. Þetta voru skemmtilegir kallar, og leikararnir léðu þeim skýr persónueinkenni með röddum sínum. Einnig komu við sögu smábúður, sem mér sýndust vera eintök af hinum ódreppandi „Action-manni“, og fóru þær þrýðilega með hlutverk tveggja þræla.

Landnáma stendur fyrir sínu sem endursögn frásagnarinnar um Ingólfr Arnarson. Vonandi fær Stoppelikhópurinn tækifæri til að heimsækja sem flesta með þessa fróðlega skemmtun.

Þorgeir Tryggvason

Það er leikur að nema